

Fundargerð hreppsnefndar 29. júní 2017

Fundur nr. 63 kjörtímabilið 2014 – 2018

Fundur haldinn í sveitarstjórn Vopnafjarðarhrepps fimmtudaginn 29. júní 2017 í félagsheimilinu Miklagarði kl. 16.00.

Mætt til fundar: Eyjólfur Sigurðsson, Sigríður Elva Konráðsdóttir, Unnur Ósk Unnsteinsdóttir, Hinrik Ingólfsson, Bárður Jónasson, Magnús Þór Róbertsson og Sigríður Bragadóttir.

Einnig sátu fundinn Ólafur Áki Ragnarsson sveitarstjóri og Magnús Már Þorvaldsson, er ritaði fundargerð.

Dagskrá

1. 1. Almenn mál:

a) Kosning oddvita sveitarstjórnar til eins árs

Gengið til kosninga um oddvita og kom fram tillaga um Stefán Grím Rafnsson sem oddvita. Samþykkt með 4 atkvæðum meirihluta að kjósa Stefán Grím sem oddvita til eins árs. 3 sátu hjá.

b) Kosning 1. varaoddvita og 2. varaoddvita til eins árs

Gengið til kosninga um 1. og 2. varaoddvita og kom fram tillaga um Eyjólf Sigurðsson sem 1. varaoddvita og Sigríði Elvu Konráðsdóttur sem 2. Samþykkt með 4 atkvæðum meirihluta að kjósa Eyjólf 1. varaoddvita til eins árs og Sigríði Elvu sem 2. varaoddvita. 3 sátu hjá.

c) Kosning fulltrúa á aðalfund Sambands sveitarfélaga á Austurlandi (SSA) sem haldinn verður Breiðdalsvík dagana 29. og 30. september nk.

Samhljóða samþykkt að tilnefna Sigríði Elvu Konráðsdóttur, Sigríði Bragadóttur og Ólaf Áka Ragnarsson sem fulltrúa Vopnafjarðarhrepps á aðalfundinn. Til vara Stefán Grímur Rafnsson, Unnur Ósk Unnsteinsdóttir og Magnús Þór Róbertsson.

d) Tillaga frá Bárði Jónassyni, Magnúsi Þór Róbertssyni og Sigríði Bragadóttur um húsnæðismál

Tillöguaðilar gerðu nánari grein fyrir málinu og fór síðan fram umræða um það. Tillagan síðan borin upp til atkvæða og hún samþykkt með 6 atkvæðum. Sigríður Elva var á móti og óskaði að bókað yrði: „Ég tel óábyrgt að selja leiguíbúðir sveitarfélagsins meðan engin áætlun liggur fyrir um að byggja nýjar íbúðir í staðinn. Nauðsynlegt er að gera áætlun um viðhald á leiguíbúðum sveitarfélagsins“.

e) Tillaga frá Bárði Jónassyni, Magnúsi Þór Róbertssyni og Sigríði Bragadóttur um undirbúning og byggingu sundlaugar við íþróttahús á Vopnafirði

Tillöguaðilar gerðu nánari grein fyrir málinu sem síðan var tekið til umræðu. Tillagan síðan borin upp og hún samhljóða samþykkt. Sveitarstjórn samþykkti samhljóða að vísa málinu til gerðar fjárhagsáætlunar 2018.

f) Skýrsla um starfsemi Framhaldsskóladeildar Laugaskóla á Vopnafirði

Sveitarstjórn þakkar Else og Bjarneyju skýrsluna og tekur undir að í framhaldsdeildinni felist mikið framfaraskref fyrir Vopnafjörð. Sveitarstjórn fagnar enn fremur vaxandi áhuga á fjarnámi svo sem fram kemur í skýrslunni.

g) Ársskýrsla Brunavarna á Austurlandi 2016

Lagt fram til kynningar.

h) Skýrsla og umbótaáætlun vegna vinnuumhverfis kennara Vopnafjarðarskóla

Fram fór umræða um skýrsluna og umbótaáætlunin að henni lokinni borin undir atkvæði og hún samhljóða samþykkt.

i) Kynning á tillögum í húsnæðismálum

Sveitarstjóri kynnti málið nánar og umræða fór fram um það. Annars lagt fram til kynningar.

j) Kauptilboð í Þverholt 9, Vopnafirði

Kauptilboðið borið upp til atkvæða og samþykkt með 6 atkvæðum, Sigríður Elva á móti.

1. 2. Fundargerðir:

a) Fræðslunefndar dags. 10. maí 2017

Fundargerðin samhljóða samþykkt.

b) Menningarmálanefndar dags. 17. og 22. maí 2017

Fundargerð 17. maí samhljóða samþykkt og fundargerð 22. maí síðan samhljóða samþykkt.

c) Skipulags- og umhverfisnefndar dags. 26. júní 2017

Fundargerðin samhljóða samþykkt.

d) Aðalfundar Brunavarna á Austurlandi 2017

Lagt fram til kynningar.

e) Framkvæmdastjórnar Skólaskrifstofu Austurlands

Lagt fram til kynningar.

f) 5. fundar svæðisskipulagsnefndar SSA

Lagt fram til kynningar.

g) 1. og 2. fundar starfshóps um gerð sameiginlegrar húsnæðisáætlunar fyrir Austurland

Lagt fram til kynningar.

h) 9. fundar stjórnar SSA

Lagt fram til kynningar.

i) 395. fundar Hafnarsambands Íslands

Lagt fram til kynningar.

j) Um skipulagsmál dags. 14. júní 2017

Fundargerðin samhljóða samþykkt.

1. 3. Bréf til sveitarstjórnar frá:

a) Stapa lífeyrissjóði

Lagt fram til kynningar og sveitarstjóra falið að vinna áfram í málinu.

Fleira ekki tekið fyrir, fundargerðin lesin upp og hún samþykkt samhljóða, fundi slitið kl. 18:47.

